

Þar, sem lyfjabúðir eru í læknishéruðum, annast lyfsalar útlát eitursins til 45
 héraðsbúa í stað héraðslækna. Landlæknir segir fyrir um umbúðir eitursins til 23. apríl
 þessara sérstöku nota, því til frekari tryggingar, að það valdi ekki slysum. Að
 öðru leyti fer um afgreiðsluna samkvæmt gildandi reglum um sölu eiturefna til
 annarra afnota en lækninga.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100—1000 kr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 89 1941. Öðlast hún
 þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. apríl 1942.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

BREYTING

46

29. maí

á gjaldskrá og reglum um leigukjör firðtalstöðva, sem landssíminn lætur á leigu
 í íslensk þilskip, frá 6. janúar 1934.

1. Aftan við orðin „senditæki“ í 2. gr. komi: (gerð G).
2. Á eftir 10. gr. komi ný grein, 11. grein, svo hljóðandi:

Landssíminn lætur enn fremur á leigu talstöðvargerð GV, sem er aflmeiri
 og fullkonnari en gerð G. Ársleiga fyrir þessa talstöð er kr. 180.00, stofngjald
 kr. 100.00 og váttryggingarupphæðin kr. 1500.00.

Póst- og simamálaráðherra, 29. apríl 1942.

Eysteinn Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

REGLUGERÐ

47

11. maí

fyrir Húsmæðrakennarskóla Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 65 frá 27. júní 1941, um húsmæðraskóla í kaupstöðum, og
 lögum nr. 60 frá 11. júní 1938, um húsmæðrafraeðslu í sveitum, er hér með sett eftir-
 farandi reglugerð fyrir skólann.

I. KAFLI

Markmið og skipulag.

1. gr.

Markmið skólans er að veita stúlkum nægilega kunnáttu til að þær geti orðið
 forstöðukonur og kennarar við húsmæðraskóla, matreiðslunámskeið, kennslukonur
 í matreiðslu við barnaskóla, ráðskonur við sjúkrahús, heimavistarskóla og önnur
 slík störf.